

(A)Krummi svaf í (E)klettagjá
(A)kaldri vetrar(E)nóttu (A)á
(A)verði margt að (D)meini
(A)verði margt að (D)meini

Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini
undan stórum steini

-3-

Á sér krumma ýfði stél
einnig brýndi gogginn vel
flaug úr fjalla gjótum
flaug úr fjalla gjótum

-4-

Lítur yfir byggð og bú
á bæjum fyrr en vakna hjú
veifar vængjum skjótum
veifar vængjum skjótum

-5-

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
fyrrum frár á velli
fyrrum frár á velli

-6-

Krunk, krunk, nafnar komið hér
krunk, krunk, því oss búin er
krás á köldu svelli
krás á köldu svelli.